



starfsmennt
samtaka atvinnulífsins
og flóabandalagsins

Starfsafl

Ársskýrsla
2009



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Efnisyfirlit

Efni	Bls.
1. Yfirlit yfir starfið 2009	2
2. Úthlutun styrkja	3
2.1 Einstaklingsstyrkir	
2.2 Styrkir til fyrirtækja og aðrir verkefnastyrkir	
3. Helstu verkefni Starfsafls árið 2009	10
4. Stefnumótunarfundur Starfsafls í nóvember 2009	12
5. Starfsáætlun Starfsafls 2010	13
6. Fjárhagur Starfsafls	15
6.1 Rekstur 2009 – nokkrar lykiltölur	
6.2 Rekstraráætlun 2010	

Ársreikningar fylgja í sérhefti.

1. Yfirlit starfsins 2009

Árið 2009 var að mörgu leyti sérstakt ár í stuttri sögu Starfsafls fræðslusjóðs. Í ársbyrjun var atvinnuleysi af áður óþekktri stærðargráðu a.m.k. sl. 40 ár og hélst það atvinnuleysi út allt árið. Það var von aðstandenda Starfsafls að félagsmenn og fyrirtæki myndu nýta sér vel þjónustu Starfsafls á þessum erfiðleikatímum og gekk það eftir. Árið 2009 var stærsta styrkjaár í sögu sjóðsins.

Á sama tíma og fjöldi styrkja og styrkupp hæðir náðu áður óþekktum hæðum þá drógust tekjur sjóðsins saman árið 2009. Tekjulindir sjóðsins eru í meginatriðum tvær, tekjur af starfsmenntagjaldi og vaxtatekjur af fjármunum. Báðir þessir tekjustofnar drógust nokkuð saman á árinu. Starfsmenntagjald af launatekjum starfsmanna dróst saman um 10% vegna minnkandi atvinnu, bæði vegna atvinnuleysis og minni yfirvinnu. Vaxtatekjur drógust saman um 15% vegna minnkandi vaxtastigs. Í fyrsta skipti í sögu sjóðsins þurfti að ganga á höfuðstól sjóðsins en við því var búist. Sjóðurinn stóð vel þrátt fyrir bankahrunið haustið 2008 og náði að verja eigur sínar að öllu leyti.

Einstaklingsstyrkir árið 2009 voru 2.175 og fjölgaði um 48% frá árinu 2008. Styrkumsóknum frá fyrirtækjum fjölgaði um 15% frá árinu 2008. Heildarupphæð útgreiddra fyrirtækja- og verkefnastyrkja hækkaði um 35%. Ástæða er til að fagna þessari þróun því það bendir til að fjármagn Starfsafls nýtist fleiri fyrirtækjum og starfsmönnum. Starfsmenn og stjórn Starfsafls hafa lagt sérstaka áherslu á að kynna fyrirtækjastyrki úti í atvinnulífinu með margs konar aðgerðum og verður lögð áhersla á þennan þátt í starfi Starfsafls áfram.

Ég vil nota tækifærið og þakka stjórnarmönnum og samstarfsaðilum Starfsafls fyrir frábært samstarf og hvatningu á liðnu ári. Árið 2009 fól í sér aukið vinnuálag fyrir starfsmenn sjóðsins eins og sjá má á ofangreindum tölum. Við slíkar aðstæður er ómetanlegt að hafa samhenta stjórn sér við hlið.

Reykjavík, í júní 2010,

Sveinn Aðalsteinsson
framkvæmdastjóri



2. Úthlutun styrkja

Meginhlutverk Starfsafls er að styrkja fyrirtæki og einstaklinga til starfsmenntunar eins og reglur Starfsafls segja til um.

Markmið styrkjanna, hvort sem er til einstaklinga eða fyrirtækja, er að efla starfsmenntun þannig að bæði starfsmaðurinn og fyrirtækið hagnist. Starfsmaðurinn öðlast þar með aukna færni og fyrirtækið eykur framlegð sína. Takmarkið er að auka samkeppnihæfni bæði fyrirtækja og almennra starfsmanna þess.

Starfsafl sinnti sem fyrr miklu kynningarstarfi á þessu sviði á árinu 2009. Farið var í heimsóknir til fyrirtækja, ýmist í fylgd með fulltrúum stéttarfélaga á vinnustaðafundi eða að stjórnendur fyrirtækja voru heimsóttir. Þessar heimsóknir skiluðu töluverðum árangri og verður áfram lögð sérstök áhersla á þær á næstu árum.

2.1. Einstaklingsstyrkir

Á árinu 2009 voru veittir alls 2.175 styrkir til einstaklinga í Eflingu stéttarfélagi, Verkalýðsfélaginu Hlíf og Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis. Það er um 48% aukning á fjölda miðað við 2008. Fé til þessara styrkja jókst hlutfallslega mun meira eða úr 38,3 m.kr. árið 2008 í 68,3 m.kr árið 2009 eða um 77% (Tafla 1). Styrkjum til íslenskukennslu fjölgaði um 13% en heildarupphæð hækkaði um 73% vegna minni niðurgreiðslna ríkis og sveitarfélaga. Upphæð hvers íslenskustyrks hækkaði töluvert, vegna minni niðurgreiðslna, eða að jafnaði úr tæplega 10 þús. kr. í tæplega 16 þús. kr. pr. nemenda eða um 53% hærri upphæð.


Tafla 1. Fjöldi og heildarupphæð einstaklingsstyrkja Starfsafls 2008 og 2009.

	2008	2009	% breyting frá 2008
Fjöldi styrkja alls	1.470	2.175	+19%
Upphæð styrkja alls	38,3 m.kr	68,9 m.kr	+77%
Meðalupphæð styrks	26.081 kr	31.206 kr	+20%
Fjöldi íslenskustyrkja	627	706	+13%
Upphæð íslenskustyrkja alls	6,4 m.kr	11,1 m.kr	+73%
Meðalupphæð íslenskustyrks	10.280 kr	15.757 kr	+53%

Hámarks styrkupphæð einstaklingsstyrkja var óbreytt, 60.000 kr, árið 2009 en aldrei er þó meira styrkt en 75% kostnaðar, sem fyrr. Upphæð styrkja fer einnig eftir greiðslum félagsgjalda en fullur styrkur miðaðst við lágmarkslaun sl. 12 mánuða. Byrjað var að styrkja nám til almennra ökuréttinda í lok árs 2008 og kann það að skýra hækkun á meðaltali hvers styrks. Ákveðið var að draga úr þessum styrkjum frá og með 1. apríl 2010. Einnig var byrjað á, í árslok 2008, að greiða út styrki til einstaklinga strax eftir greiðslu skólagjalda en ekki að loknu námi eins og áður var. Var það gert samkvæmt

ábendingu Vinnumálastofnunar. Einnig dró úr niðurgreiðslum ríkis og sveitarfélaga til íslenskukennslu og hækkar það meðaltal þeirra styrkja og þar með allra styrkja.


Fjöldi umsókna um einstaklingsstyrki 2009



Mynd 1. Fjöldi umsókna um einstaklingsstyrki til Starfsafls árið 2009 og dreifing á nám.

Eins og fyrri ár er fjöldi styrkja mestur í íslensku, eða 32% allra styrkja (Mynd 1), og minnkaði töluvert, hlutfallslega, miðað við 2008 (43%). Útlendingum hefur fækkað á vinnumarkaði í kjölfar hrunsins. Hlutfallslegur kostnaður við íslenskustyrki var hins vegar 16% (Mynd 2), sem er svipað og árið 2008, en þá voru styrkirnir hins vegar hlutfallslega mun fleiri (43%). Hlutfallslegur fjöldi umsókna um meirapróf var 7% af heildarfjölda umsókna árið 2009 en hlutfallslegur kostnaður þessara styrkja var 20%, sem er mjög svipað og undanfarin ár. Það kom hins vegar nokkuð á óvart að umsóknir í almenn ökuréttindi voru 11% af fjölda (Mynd 1) en um 19% af kostnaði (Mynd 2). Sem fyrr segir var ákveðið í ljósi mikillar ásóknar í styrki og minnkandi eigin fjár sjóðsins að draga úr stuðningi í þessa tegund náms og nú er einungis skriflegi hluti almennra ökuréttinda styrktur. Aðsókn í ensku jókst töluvert og var 9% af fjölda styrkja miðað við 4% árið áður. Aðrar tegundir náms eru svipaðar og áður en á Mynd 1 eru tilgreindar fleiri tegundir náms en áður í fyrri ársskýrslum.

Hlutfallslegur kostnaður við einstaklingsstyrki 2009




Mynd 2. Hlutfallslegur kostnaður einstaklingsstyrkja Starfsafls árið 2009 á nám.



Handhafi starfsmenntaverðlauna Starfsmenntaráðs 2009, Securitas, er samstarfsaðili Starfsafls. Securitas undirritaði samning við Starfsafl um nýliðafræðslu í febrúar 2009. F.v. Árný Elíasdóttir, mannauðsráðgjafi, Gunnhildur Arnardóttir, starfsmannastjóri Securitas og Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Starfsafls.

Samanburður á fjölda styrkja eftir mánuðum á árunum 2008 og 2009



Mynd 3. Samanburður á fjölda styrkja eftir tíma árs árin 2008 og 2009.

Því var spáð í ársskýrslu 2008 að mynstur í fjölda umsókna eftir mánuðum myndi breytast í kjölfar breyttra reglna um endurgreiðslu en nú þarf ekki að ljúka námi til að fá endurgreiðslu. Nóg er að sýna fram á greiðslu náms til að fá styrk. Sú spá gekk eftir (Mynd 3) og var innstreymi umsókna nokkuð jafnt yfir árið 2009 að frátöldum sumartíma.

2.2. Styrkir til fyrirtækja og aðrir verkefnastyrkir


Alls bárust 95 umsóknir fyrirtækja um styrki á árinu 2009 sem er um 15% aukning miðað við 2008. Hins vegar var 15 umsóknum hafnað eða frestað og óskað viðbótarupplýsinga og er það hærra hlutfall en oft áður. Veitt voru 80 styrkloforð til fyrirtækja á árinu 2009 sem er svipað og árið 2008 (79 loforð). Greiddir voru út 76 styrkir til fyrirtækja að upphæð um 15,1 m.kr. sem er um 10% aukning á heildarupphæð miðað við 2008 (Tafla 2). Séu allir styrkir taldir með (verkefni, námskrár o.fl) jókst útgreiðsla styrkja til fyrirtækja úr 13,8 í 18,6 sem er 35% aukning. Styrkir til íslenskukennslu fyrirtækja, sem greiddir voru út 2009 voru svipaðir og á árinu 2008.

Starfsafl hefur því náð verulegum árangri í að koma styrkjum til starfsmenntunar fyrirtækja á árinu 2009. Það er athyglisvert miðað við fjárhagsstöðu fyrirtækja á þeim erfiðleikatímum sem við nú upplifum, þar sem námskeið krefjast alltaf fjárútláta af hendi fyrirtækis í form vinnutíma og eigin framlags.

Tafla 2. Fjöldi og heildarupphæð greiddra fyrirtækjastyrkja Starfsafls 2008 og 2009.

	2008	2009	% breyting frá 2008
Umsóknir fyrirtækja til Starfsafls	82	95	+15%
Samþykkt styrkloforð	79	80	+1%
Fjöldi greiddra styrkja	74	76	+3%
Greiddir fyrirtækjastyrkir	13,0 m.kr	15,1 m.kr	+10%
Aðrir verkefnastyrkir	0,8 m.kr	3,7 m.kr	
Upphæð styrkja alls	13,8 m.kr	18,6 m.kr	+35%
Meðalupphæð styrks	175.709 kr	198.993 kr	+13%

Samanburður á hlutfallslegum kostnaði eftir atvinnugreinum á árunum 2008 og 2009



Mynd 4. Samanburður á hlutfallslegum fjölda og kostnaði við greidda styrki til fyrirtækja árin 2008 og 2009, flokkað eftir atvinnugreinum.

Að venju sóttu fyrirtæki um til fjölbreyttra verkefna (Tafla 3). Styrkveitingar til fyrirtækja vegna starfsmenntunar eru enn of lágar og ekki samræmi við markmið sjóðsins. Það vantar einfaldlega umsóknir frá fyrirtækjum. Það þýðir að leggja verður áfram sérstaka áherslu á kynningarstarf til fyrirtækja á næstu árum. Margt hefur áunnist en betur má ef duga skal.

Tafla 3. Dæmi um verkefni og umsækjendur um verkefnastyrki árið 2009.

Umsækjandi	Samstarf	Verkefni
Alcan	Minerva/Att	Fræðslustjóri að láni
Ávaxtabílinn	Sýni ehf.	Matvælahreinlæti
BM Vallá	Mínerva	Fræðslustjóri að láni
Eimskip	MSS	Fræðslustjóri að láni
Ferskar Kjötvörur	Attentus	Fræðslustjóri að láni
Fiskkaup ehf.	Sýni	Matvælahreinlæti
FoodCo hf.	Leiðtogaþjálfun	Verkstjórn
Fóðurblandan	Sýni ehf.	Matvælahreinlæti
Garðlist	Öku og vinnuvélaskólinn	Ökuám
Hagvagnar	Alþjóðahús	Íslenskunám
HB Grandi	Sýni ehf.	Matvælahreinlæti
Hreint	Auður H. Björnsd	Íslenskunám
IGS	MSS	Hópefli
ISS	Alþj.hús	Íslenskunám
Íslensk Ameríska	Attentus	Fræðslustjóri að láni
Íslenska gámafélagið	Gerum betur	Þjónustunámskeið
Jöklaleiðsögumenn	Ýmsir	Öryggisnám
Katla	Mínerva	Fræðslustjóri að láni
Kjörís	Sýni ehf.	Matvælahreinlæti
Kjötvinnslan Esja	Sýni	Matvælahreinlæti
Kynnisferðir (RE)	Attentus	Fræðslustjóri að láni
Lífland ehf.	Sýni ehf.	Fóðurmeðferð
Loftorka Reykjavík ehf.	Íshamar	GPS námskeið
Lystadún Marco	Attentus	Fræðslustjóri að láni
Lýsi hf.	Sýni ehf.	Matvælahreinlæti
Miklatorg	Attentus	Fræðslustjóri að láni
N1	Mínerva	Fræðslustjóri að láni
Nýprif ehf.	Saga Akadémía	Íslenskunám
Ora/Ísl. Ameríska	Sýni ehf.	Matvælahreinlæti
Pökkun og flutningar ehf.	Ökuskólinn Mjódd	Ökuám
Pönnu Pizzur ehf.	Innri fræðsla	Þjónustunámskeið
Radisson SAS Hótel Saga	Iðan	Málmnámskeið
Saga Akadémía	Saga Akadémía	Íslenskunám
Samskip	Mínerva	Fræðslustjóri að láni
Securitas	Mínerva	Fræðslustjóri að láni
Silfursteinn	Vinnueftirlitið	Vinnuvélanám

Markaðsstarf

Sem dæmi um markaðsstarf Starfsafls má nefna eftirfarandi atriði.

- Lögð vinna í að uppfæra heimasíðu Starfsafls með reglubundnum hætti og hafa upplýsingar þar réttar og áhugaverðar.

- Framkvæmdastjóri hefur skrifað greinar í dagblöð vakin er athygli á þjónustu Starfsafls. Þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að vekja athygli stjórnenda á starfsmenntamálum.
- Framkvæmdastjóri hefur einbeitt sér að skrifum í félagsblöð Eflingar, Hlífar og námskrá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum en öllum þessum blöðum er dreift ókeypis til félagsmanna. Þar tókum við dæmi um félagsmenn sem hafa notið fyrirgreiðslu (vitnisburður) og skilar það ágætum árangri. Í þessum blöðum er einnig efni á ensku. Reynt er að hafa auglýsingar bæði á ensku og íslensku. Jafnframt höfum við verið með auglýsingar í þessum blöðum sem við greiðum fyrir.
- Einnig er komið efni á framfæri í miðla Samtaka atvinnulífsins oft eftir ábendingum og vinnu stjórnarmanna SA í Starfsafl. Hefur oft skilað miklu í fyrirspurnum til Starfsafls.
- Starfsmenn Starfsafls taka þátt í vinnustaðafundum eins og kostur er, gjarnan með námsráðgjöfum Mímis (námsráðgjöf á vinnustað, sjá mimir.is). Hefur skilað töluverðu.
- Heimsóknir í fyrirtæki er sú leið sem hefur skilað bestum árangri. Rætt er við stjórnendur og skildir eftir bæklinga til starfsmanna varðandi einstaklingsstyrki, til að setja á kaffistofur. Ef stjórnendur eru jákvæðir þá koma þeir af stað fræðslu fyrir starfsmenn og sækja um styrki til sjóðsins. Þessi leið er tímafrek en skilar langsamlega mestu.
- Hafist var handa í lok árs 2008 að gera samninga við fræðsluaðila um að kynna þjónustu Starfsafls fyrir sínum viðskiptavinum og leiðbeiningar um umsóknir. Þessi aðferð hefur dugað vel og verður haldið áfram á sömu braut.
- Starfsmenn sjóðsins senda út rafrænt fréttabréf til ca 200 stærstu fyrirtækja á 30-45 daga fresti. 1 eða 2 fyrirtæki „bíta á agnið“ í hvert sinn. Þetta er ódýr leið en skilar ekki miklu í nýjum tenglum en minnir gamla viðskiptavini á þjónustu sjóðsins.
- Framkvæmdastjóri fer á fundi menntanefnda Samtaka atvinnulífsins og kynnir Starfsafl.
- Unnið er að því að komast inn á félög starfsmannastjóra en það hefur gengið treglega. Það getur án efa skilað miklu. Persónuleg tengsl við starfsmannastjóra og stjórnendur skipta miklu máli í starfi sjóðsins.
- Fræðslustjóri að láni er góð leið og breytir starfsmenntaumhverfi fyrirtækja, á því leikur enginn vafi, en þetta er frekar dýr leið og vinnufrek fyrir alla. Upp á langtímaárangur þá skilar þessi leið miklu.
- Starfsafl hefur fengið markaðsfyrirtæki til að gera frumathugun á okkar markhópi til að geta nálgast hann betur. Unnið er áfram að þessu verkefni.
- Framkvæmdastjóri hefur haldið erindi við ýmis tilefni og á ráðstefnum.



Framkvæmdastjóri Starfsafls heldur erindi um Fræðslustjóra að láni og önnur verkefni Starfsafl á Degi menntunar í ferðaþjónustu í febrúar 2009.

3. Helstu verkefni Starfsafls árið 2009.

Stjórnarfundir

Haldnir voru alls 16 stjórnarfundir á árinu 2009. Í stjórn sátu:

Nafn	Tilnefningaraðili	Annað
Árni Ingi Stefánsson	Samtök atvinnulífsins	
Guðrún S. Eyjólfsdóttir	Samtök atvinnulífsins	Stjórnarformaður
María Guðmundsdóttir	Samtök atvinnulífsins	
Atli Lýðsson	Efling stéttarfélag (Flóabandalagið)	Varaformaður
Kolbeinn Gunnarsson	Verkalýðsfélagið Hlíf (Flóabandalagið)	
Guðjón H. Arngrímsson	Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur (Flóabandalagið)	

Áfram var haldið á þeirri braut sem tekin var upp í árslok 2006 að halda stjórnarfundum hjá fyrirtækjum og kynna um leið starfsemi Starfsafls fyrir stjórnendum. Um leið fékk stjórn og starfsmenn Starfsafls mikilvæga kynningu og upplýsingar um starf fyrirtækjanna. Verður haldið áfram á sömu braut eftirleiðis, eftir því sem kostur er. Aðstæður fyrirtækja til að taka á móti heimsóknum eru þó eðlilega misjafnar. Fréttir af þessum heimsóknum eru settar jafnóðum á heimasíðu Starfsafls, www.starfsafl.is.

Aðrar heimsóknir

Starfsmenn Starfsafls fóru þar fyrir utan í heimsóknir á vinnustaði ýmist með stjórnarformanni til að hitta stjórnendur eða með fulltrúum Eflingar og annarra stéttarféлага innan Starfsafls til að kynna sjóðinn fyrir félagsmönnum félaganna. Einnig var farið reglulega í heimsóknir í fyrirtæki í Keflavík og nágrenni með starfsmönnum Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum (MSS) og enn fremur í heimsókn í fyrirtæki í Hafnarfirði með formanni Hlífar.

Þróun nýrra námsleiða og úrræða fyrir einstaklinga og fyrirtæki

Matvælavinnslunám

Síðustu misseri hefur Starfsafl leitt vinnu við undirbúning að nýju námi í matvælavinnslu í samstarfi við Rannsóknþjónustuna Sýni ehf og Eflingu stéttarfélag. Myndaður var vinnuhópur sem í eiga sæti, auk Eflingar, Starfsafls og Sýni ehf, fulltrúar Matvælastofnunar, Landsmenntar og Fræðslumiðstöðar atvinnulífsins. Byggt er á námskeiðum og námsefni frá Rannsóknþjónustunni Sýni ehf en sem kunnugt er hefur fyrirtækið verið leiðandi á sviði námskeiða fyrir starfsmenn í matvælavinnslu, ekki síst almenna starfsmenn. Starfsmenn Sýnis unnu drög að námskrá árið 2009 og var það gert í samráði og samvinnu við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og undirbúningshópinn. Starfsmenn Sýnis hafa mikla reynslu á þessu sviði, ekki síst með því að bjóða upp á sveigjanlega kennslu sem fellur að vinnsluferlum fyrirtækja. Ætlunin er að bjóða upp á 55 kennslustunda grunnám, dreift yfir lengra tímabil, ætlað öllum almennum

starfsmönnum í matvælavinnslu, að viðbættum 5 kennslustunda sérhæfðu námi sem fer eftir fagsviði starfsmanna. Sem dæmi námsgreinar í grunnnáminu má nefna matvælaeftirlit, matvælavinnslu, örveruvarnir og innra eftirlit. Sérhæft 5 stunda nám fylgir svo í kjölfar grunnnáms þar sem farið verður í atriði sem eru bundin hverri grein. Til dæmis má nefna greinar eins og brauð- og kökugerð, mjólkurvinnslu, fiskvinnslu, kjötvinnslu, korn- og fóðurvinnslu og fleiri greinar. Sem fyrr segir er námskráin í vinnslu en tilraunakennsla er á dagskrá 2010 og endurskoðun námskrár í framhaldi af því. Lokaútgáfa námskrárinnar er undir yfirumsjón Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Fræðslustjóri að láni

Starfsafl, Efling, Samtök atvinnulífsins og fleiri aðilar fengu styrk úr starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins til að þróa áfram leið til auka veg menntunar og þjálfunar innan fyrirtækja á almenna markaðnum. Vegna kreppunnar var ákveðið breyta áherslum á skyldu verkefni (Starfsmannaráðgjöf Starfsafls) og leggja áherslu á að lána út ráðgjafa sem myndi gera símenntunaráætlun fyrir fyrirtækin sem er byggð á þarfagreiningu í hverju fyrirtæki. Verkefnið hefur mælst mjög vel fyrir. Starfsafl hefur verið í samstarfi við Landsmennt í skyldum verkefnum en á síðasta ári tókst samstarf við Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks (VR/LÍV) sem hefur gefið verkefninu enn frekari slagkraft. Forsvarsmenn fyrirtækjanna töluðu um að aðkoma mannauðsráðgjafa hefði breytt viðhorfum millistjórnenda og annarra til símenntunar og starfsþróunar. Samstarfsaðilar í verkefninu voru sem fyrr Minerva/Attentus og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Það er mat Starfsafls að þessi nálgun eigi eftir að skila sér í breyttum og jákvæðum viðhorfum til starfsmenntunar og miklum árangri í framtíðinni.

Tafla 4. Samstarfsaðilar Starfsafls í verkefninu „Fræðslustjóri að láni“ á árinu 2009. Í töfluna vantar nokkur fyrirtæki sem hafa frestað þátttöku af ýmsum ástæðum.

Fyrirtæki	fj. félagsm.	fj. klst	Aðrir sjóðir, klst
Securitas	200	50	
Hreint	100	40	
Vífilfell	130	50	
Ferskar kjötvörur	60	35	
Katla	8	30	
Alcan	300	50	
BM Vallá	200	50	145
Sólarræsting	90	45	
N1	285	50	
Íslensk Ameríska	190	50	
Miklartorg/IKEA	45	35	
Samskip	200	35	20
Skeljungur	120	35	35
Össur	100	45	5
Eimskip	110	20	80
Lystadún Marco	15	15	15
Kynnisferðir	150	15	25
Samtals	2303	650	325

Sameiginlegt eyðublað fræðslusjóða

Starfsafl, Landsmennt og Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks náðu samkomulagi á árinu þess efnis að þróa sameiginlegt rafrænt umsóknareyðublað fyrir fyrirtæki til sjóðanna. Stefnt er að taka eyðublaðið í notkun árið 2010.

Þáttaka í Evrópuverkefnum*Mannaskiptaáætlun Leonardo*

Starfsafl hefur átt samstarf við Eflingu stéttarfélag um umsókn og utanumhald vegna mannskriptaverkefna á vegum starfsmenntaáætlunar ESB eða Leonardo verkefna. Stykur fékkst til verkefnisins árið 2008. Nokkrir hópar fóru á árinu 2009.

Ráðstefna um þróun náms fyrir nemendur sem standa höllum fæti

Framkvæmdastjóra boðið á sérstaka ráðstefnu í Evrópuverkefni um þróun náms og námsefnis fyrir nemendur í óformlega kerfinu sem standa höllum fæti í námi, m.a. vegna tungumálaerfiðleika, lesblindu o.fl. Ráðstefnan var haldin í Tyrklandi og tóku um 15 lönd þátt. Framkvæmdastjóri hélt þar óformlegt erindi um „íslenska leiðina“ m.a. að lána út mannauðsráðgjafa (Starfsmannaráðgjöf Starfsafls) sem vakti verðskuldaða athygli. ESB greiddi allan kostnað vegna ferða framkvæmdastjóra.

Annað starf*Aukið samstarf við IÐUNA fræðslusetur*

Starfsafl og IÐAN fræðslusetur fengu styrk á árinu 2009 til ýmissa verkefna til að styrkja stöðu þeirra sem hafa orðið fyrir barðinu á atvinnuleysi á ýmsan hátt. Þessi verkefni eru undir stjórn IÐUNNAR.

Aukin kynning í blöðum

Framkvæmdastjóri skrifaði greinar í félagsblöð og dagblöð þar sem hann minnti á þjónustu Starfsafls við fjármögnun fræðslu í fyrirtækjum.

4. Stefnumótunarfundur Starfsafls í nóvember 2009

Þann 3. nóvember 2009 héldu stjórn og starfsmenn Starfsafls stefnumótunarfund. Áhersla var lögð á tvennt, viðbrögð við samdrætti á vinnumarkaði og hins vegar ákveðið aðhald í rekstri sjóðsins. Þessum niðurstöðum var safnað saman og þær útfærðar betur í sérstakri verkefnaáætlun en ágríp af henni fylgir hér á eftir.



Stjórn og starfsmenn Starfsafls heimsóttu Auðbjörgu hf. í Þorlákshöfn á árinu. Verkalýðsfélagið Boðinn sameinaðist Eflingu 1. jan. 2009 og þar með stækkaði þjónustuvæði Starfsafls til muna.

5. Starfsáætlun Starfsafls 2010

Verkefni:

1. *Verkefni:* Einstaklingsstyrkir. Sjóðurinn mun kappkosta að halda nánast óbreyttu þjónustustigi við einstaklinga þrátt fyrir að það þýði að ganga verði á eigið fé sjóðsins.

Leiðir: Upphæðir einstaklingsstyrkja verði óbreyttar frá 2009 en dregið úr stuðningi við kostnað vegna almennra ökuréttinda (einungis skriflegi hlutinn styrktur).

Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls

Tímarammi: Stöðug virkni allt árið 2010

2. *Verkefni:* Sjóðurinn mun kappkosta að halda nánast óbreyttu þjónustustigi við fyrirtæki þrátt fyrir að það þýði að ganga verði á eigið fé sjóðsins.

Leiðir: Áfram verður unnið að verkefninu Fræðslustjóri að láni. Lögð verður áhersla á eftirfylgni starfsmanna sjóðsins við fyrirtæki þannig að símenntunaráætlanir komist til framkvæmda. Byggt verður á samstarfi við SVS og Landsmenntun við kostun fræðslustjóra að láni sem þýðir minni útgjöld fyrir Starfsafl en óbreytt eða aukin þjónusta við fyrirtæki. Bæklingur og fræðsluefni umskrifað og aðlagð aðkomu SVS í jan 2010.

Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls

Tímarammi: Stöðug virkni allt árið 2010

3. *Verkefni:* Sjóðurinn verður að vera enn sýnilegri en áður og bjóða úrræði í samstarfi við aðra vegna aukins atvinnuleysis, t.d. við lðuna fræðslusetur.

Leiðir: Aukið samstarf við lðuna t.d. þátttaka í gerð námstilboða, aukinn áróður í byggingageiranum um endurþjálfun og símenntun. Aukið samstarf við símenntunarmiðstöðvar um kynningu á námsúrræðum.

Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls

Tímarammi: Stöðug virkni allt árið 2010

4. *Verkefni:* Áhersla á nýtt nám fyrir matvælaíðnaðinn

Leiðir: Samstarf við Sýni. Tilraunanámskrá kennd í byrjun árs 2010.

Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls

Tímarammi: Stöðug virkni allt árið 2010

5. *Verkefni:* Áhersla á gæðamál og framkvæmd RECALL í samstarfi við FA.

Leiðir: Samstarf við FA o.fl.

Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls

Tímarammi: Stöðug virkni allt árið 2010

6. *Verkefni:* Greina hvaða störf við höfum mesta þörf fyrir eftir 2-5 ár og bregðast við því á viðeigandi hátt í markaðsstarfi og þátttöku í sköpun námstilboða.

Leiðir: Þetta verkefni verður að skoðast í samhengi við fjárhagslega getu sjóðsins. Einsýnt að það þurfi samráð við aðra aðila í starfsmenntageiranum t.d. FA og fræðslusjóði. Hugsanlega með opinbera geiranum einnig. En mjög mikilvægt verkefni.

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri

Tímarammi: 2010 - 2011

Annað:

7. Verkefni: Endurnýjun vefsíðu Starfsafls.

Leiðir: Þetta verkefni er á frumstigi. Reikna má með að hægt sé að spara útlagðan rekstrarkostnað um 150-200 þús á ári en verkefnið krefst eitthvað meiri vinnu starfsmanna.

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri

Tímarammi: mars 2010 til hausts 2010



Starfsafl, Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks (SVS) og Skeljungur hf. skrifuðu undir samning um Fræðslustjóra að láni á árinu. Í tilefni fyrsta samnings SVS í verkefninu þá mættu tveir stjórnarmenn SVS. F.v. Stefanía Magnúsdóttir, Ingunn B. Vilhjálmisdóttir, Andrés Magnússon, Guðný Hansdóttir, Sveinn Aðalsteinsson, Valdís A. Steingrímisdóttir, Björn Garðarsson.

Mímir útskrifaði 11 öryggisverði í desember úr námi sem Starfsafl, Efling, Securitas, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og fleiri aðilar tóku höndum saman um að koma á fót.



6. Fjárhagur Starfsafls

6.1 Rekstur 2009 – nokkrar lykiltölur

Sem fyrr segir þá var Starfsafls rekinn með halla árið 2009 vegna stórauinnar eftirspurnar, sérstaklega á sviði einstaklingsstyrkja.

Tekjur sjóðsins árið 2009 voru 98,0 m.kr. (2008: 107,3 m.kr.), útgjöld (styrkir og rekstur) voru 106,6 m.kr (2008: 69,6 m.kr.) og eigið fé minnkaði um 8,6 m.kr (2008: aukning um 37,7 m.kr.) Eignir sjóðsins í árslok voru 169,9 m.kr (2008: 178,5 m.kr.). Þrátt fyrir allt eru stjórn og starfsmenn sjóðsins ánægð með að sterk staða sjóðsins skuli koma stórauinnni eftirspurn frá fyrirtækjum og einstaklingum til góða á því erfiða ári 2009.

6.2 Rekstraráætlun 2010 – nokkrar lykilstærðir

Rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2010 gerir ráð fyrir 3% lægri tekjum af starfsmenntagjaldi vegna samdráttar á vinnumarkaði, bæði í störfum og yfirvinnumagni. Um þetta ríkir hins vegar töluverð óvissa og eins með ávöxtun sjóða. Gert er ráð fyrir verulegum samdrætti í vaxtatekjum sjóðsins vegna lækkandi stýrivaxta. Prósentutölur í svigum tilgreina áætlaða breytingu frá árinu 2009.

Áætlaðar tekjur ársins 2010:

- Framlög stéttarféлага (óbreytt)	7.000 þús kr
- Framlag starfsmenntagjalds, 0,20% (-3%)	67.071 þús kr
- Aðrir styrkir (innheimta loforða)	3.048 þús kr
- Vaxtatekjur (-47%)	<u>9.775 þús kr</u>
Tekjur ársins samtals, áætlun (-8%):	86.894 þús kr

Áætluð útgjöld 2010

- Laun, húsaleiga og annar rekstur (+3%)	20.691 þús kr
- Einstaklingsstyrkir (-8%)	62.444 þús kr
- Verkefnastyrkir (-6%)	<u>17.459 þús kr</u>
Útgjöld og styrkir ársins samtals, áætlun (-4%):	102.094 þús kr

Tekjur umfram gjöld (-82%)	-15.200 þús kr
----------------------------	----------------

Áætlaðar eignir í lok árs 2009 (-9%)	155.671 þús kr
--------------------------------------	----------------

Kostnaður við styrkkrónu 2006	0,59 kr
Kostnaður við styrkkrónu 2007	0,42 kr
Kostnaður við styrkkrónu 2008,	0,34 kr
Kostnaður við styrkkrónu 2009, skv. áætlun	0,27 kr
Kostnaður við styrkkrónu 2009, skv. ársreikningi	0,23 kr
Kostnaður við styrkkrónu 2010, skv. áætlun	0,25 kr

Undanfarin ár hafa vaxtatekjur dugað fyrir fyrir föstum rekstrargjöldum en fyrir árið 2010 má gera ráð fyrir verulegum samdrætti í vaxtatekjum, bæði vegna lækkandi stýrivaxta og lækkandi höfuðstóls. Gert er ráð fyrir um 6% vöxtum á innistæður Starfsafls á síðari hluta ársins. Það er einsýnt að gæta verður ítrasta aðhalds í rekstri jafnframt því sem lögð verður áhersla á að koma verkefnastyrkjum í gagnið hjá fyrirtækjum til að öll meginmarkmið með starfsemi sjóðsins náist. Áfram er gert ráð fyrir miklu atvinnuleysi árið út árið 2010 og ljóst að eftirspurn eftir stuðningi sjóðsins verður talsverð, einnig árið 2010.